

Lög Foreldraráðs FG

1. grein. *Heiti og félagar*

Félagið heitir Foreldraráð Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Félagar eru allir forráðamenn og foreldrar nemenda skólans.

2. grein. *Markmið*

Markmið foreldraráðsins eru að:

- standa vörð um réttindi nemenda til mennta og styðja við starf skólans.
- efla samstarf meðal forráðamanna/foreldra, nemenda og starfsmanna skólans.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.

3. grein. *Starfsemi*

Foreldraráðið stendur fyrir umræðu- og fræðslufundum í samstarfi við skólann. Félagið stuðlar að upplýsingamiðlun til foreldra og forráðamanna, m.a. með útgáfu fréttabréfs. Fundargerðir stjórnar og annað tengt efni er sett á heimasíðu ráðsins á vef FG.

Jafnframt tekur foreldraráðið þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og félagasamtök.

4. grein. *Skipan stjórnar*

Stjórn ráðsins skipa sex til sjö forráðamenn. Stjórn skal kjörin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og 2-3 meðstjórnendum. Óæskilegt er að fleiri en fjórir gangi úr stjórn í einu.

5. grein. *Fulltrúi foreldra í skólanefnd*

Stjórnin tilnefnir úr sínum hópi fulltrúa foreldra í skólanefnd og varamann hans. Fulltrúi í skólanefnd skal sjá um að miðla upplýsingum um störf skólanefndar til foreldraráðs.

6. grein. *Aðalfundur*

Aðalfundur skal halda að hausti eigi síðar en 1. nóvember. Stjórnin boðar til fundarins með minnst viku fyrirvara. Í fundarboði skal kynna efni fundarins. Aðalfundur er löglegur ef rétt er staðið að fundarboði. Verkefni aðalfundar eru:

Kosning fundarstjóra og fundarritara
Skýrsla stjórnar
Skýrslur nefnda
Lagabreytingar
Reikningar lagðir fram til samþykktar
Kosning stjórnar
Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
Önnur mál

7. grein–*Nefndir*

Stjórn foreldraráðsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

8. grein – *Samskipti*

Stjórn skal ekki sinna ágreiningsmálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra eða forráðamanna og starfsmanna skólans.

9. grein –*Gjaldtaka*

Stjórn foreldraráðsins er heimilt að óska eftir því að forráðamenn/foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

10. grein –*Lok á starfsemi*

Ákvörðun um slit foreldraráðsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum og renna þá eignir þess, ef eru, til skólans.

11. Grein – *Lagabreytingar*

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi 4. nóvember 2011.